

LÖG**um breytingu á lögum nr. 95/1975, um breytingu á lögum um
almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. gr. laga nr. 95/1975 orðist svo:

1. Á árinu 1985 skulu skattstjórar leggja sjúkratryggingagjald á menn sem skattskyldir eru samkvæmt lögum nr. 75/1981.
2. Gjaldstofn sjúkratryggingagjalds skal vera hinn sami og gjaldstofn álagðra útsvara 1985.
3. Af fyrstu 296 000 kr. gjaldstofns sjúkratryggingagjalds greiðist ekkert gjald, en af þeim hluta gjaldstofnsins, sem umfram er 296 000 kr., greiðist 2%.
4. Um álagningu og innheimtu þessa gjalds skulu gilda sömu reglur og gilda um tekjuskatt og eignarskatt.
5. Við ákvörðun Tryggingastofnunar ríkisins um framlag ríkissjóðs til sjúkrasamlaga skal tekið tillit til þess gjalds, sem um ræðir í þessari grein, til hlutfallslegrar lækkunar á framlagi ríkissjóðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu skatta á árinu 1985 vegna tekna ársins 1984 hjá mönnum sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga nr. 75/1981 og vegna tekna ársins 1985 hjá mönnum sem skattskyldir eru skv. 1. tölul. 3. gr., sbr. 71 gr., sömu laga.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

LÖG**um sérstakan barnabótaauka.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á árinu 1985 skal ríkissjóður greiða sérstakan barnabótaauka með hverju barni innan 16 ára aldurs á árinu 1984 sem heimilisfast er hér á landi og er á framfæri manna sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum, enda séu uppfyllt skilyrði 2. og 3. gr. laga þessara.

2. gr.

Sérstakur barnabótaauki skal nema óskertur 15 000 kr. með hverju barni.

Upphæð barnabótaauka skv. 1. mgr. vegna barna sem eru á framfæri hjóna, sbr. 63. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum, skal skerðast um 8% af því sem samanlagður útsvarsstofn hjónanna tekjuárið 1984 fer fram úr 275 000 kr. uns hann fellur niður er

samanlagður útsvarstofn hjóna nær 462 000 kr. Á sama hátt skal barnabótaauki vegna barna á framfæri einstæðra foreldra skerðast um 8% af því sem útsvarstofn foreldris tekjuárið 1984 fer fram úr 187 500 kr. uns hann fellur niður er útsvarstofn foreldris nær 375 000 kr.

3. gr.

Barnabótaauki vegna barna á framfæri hjóna skerðist um 1,2% af því sem eignarskattsstofn hvors hjóna um sig fer fram úr 937 500 kr. uns hann fellur niður er eignarskattsstofn hvors hjóna nær 1 562 500 kr. Á sama hátt skerðist barnabótaauki vegna barna á framfæri einstæðra foreldra um 2,4% af því sem eignarskattsstofn foreldris fer fram úr 1 250 000 kr. uns hann fellur niður er eignarskattsstofn foreldris nær 1 875 000 kr.

4. gr.

Um barnabótaauka, þ. á m. um ráðstöfun hans, skulu að öðru leyti gilda ákvæði 69. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd laga þessara.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 1985.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Albert Guðmundsson.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 73 26. nóvember 1980, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 26. gr. laganna:

1. Í stað „1800 kr.“ í 1. mgr. komi: 2250 kr.
2. Í stað „360 kr.“ í 1. og 2. málslíð 2. mgr. komi: 450 kr.
3. Í stað „520 kr.“ í 7. mgr. komi: 650 kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu útsvara á árinu 1985 vegna tekna á árinu 1984.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Alexander Stefánsson.